



## Fundargerð

### 3. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, mánudaginn 4. nóvember 2024.

#### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon, Rúnar Þorri Guðnason, Björn Hafsteinsson, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Óskar Örn Gunnarsson, .

Formaður bauð fundarmenn og gesti velkomna og setti fundinn klukkan 13.10.

#### Almenn mál

1. 2410020 - Qair Iceland

**Þessum dagskrálið var frestað til næsta fundar.**

2. 2401032 - Ásar 1

*Tekið fyrir afgreiðslubréf Skipulagsstofnunar, dagsett 26. júlí 2024 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Ása 1 þar sem Skipulagsstofnun heimilar auglýsingu og samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda en láðst hefur taka fyrir bréf Skipulagsstofnunar fyrir til umræðu.*

**Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falin fullnaðarafgreiðsla á deiliskipulaginu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

3. 2410021 - Orkusalan

*Lögð fram tillaga frá Orkusölunni vegna uppsetningar á hleðslustöðvum við Klausturveg 15. Um er að ræða tvær stöðvar 150-300kW og er hægt að hlaða fjóra bíla á sama tíma.*

**Skipulags- umhverfisráð samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.**

4. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

**Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi fór yfir stöðu á endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps.**



5. 2410022 - Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps 2024

**Formaður greindi frá niðurstöðu umhverfisverðlauna Skaftárhrepps 2024. En verðlaunin voru afhent við setningu Uppskeru og Þakkarhátíð sveitarfélagsins, þann 17. október síðast liðinn.**

**Eftirfarandi aðilar fengu viðurkenningar: Syðri-Fljótar, fegursta lögbýli, Skaftárvellir 6, Kirkjubæjarklaustri, sem fegursta hús og lóð í þéttbýli og Magmahótel sem fegursta umhverfi fyrirtækis.**

**Skipulags- og umhverfisráð óskar verðlaunahöfum til hamingju með tilnefningarnar.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 14.15.

---

Jóhannes Gissurarson

---

Elín Heiða Valsdóttir

---

Björn Helgi Snorrason

---

Guðbrandur Magnússon

---

Rúnar Þorri Guðnason

---

Björn Hafsteinsson